

14. fundur

8. maí 2019

1605024SA IRÓ

Málalykill: 16.35

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) og Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) miðvikudaginn 8. maí 2019 2019 í Borgartúni 30 og hófst fundurinn kl. 09:30.

Fundinn sátu Eva Hjörtína Ólafsdóttir og Harpa Júlía Sævarsdóttir af hálfu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, og af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Margrét Sigurðardóttir, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Mál forstöðumanns

Á fundi samstarfsnefndar þann 26. mars s.l. óskuðu fulltrúar Fíh eftir því að forstöðumaður í heimaþjónustudeild sveitarfélags verði raðað sem hjúkrunarforstjóra 1 enda fari starfaskilgreining fyrir það starf saman við starfslýsingu starfsmanns. Starfsheiti forstöðumanna er ekki til í kjarasamningi félagsins.

Fulltrúar SNS töldu að starfið ætti frekar að falla undir starfsheitið deildarstjóri IV.

Niðurstaða:

Fulltrúar SNS höfðu samband við viðkomandi sveitarfélag og óskuðu eftir frekari upplýsingum um núverandi launaröðun.

Í ljós kom að forstöðumanninum hefur verið raðað í starfsheitið deildarstjóri IV samkvæmt bráðabirgðaröðun frá því að kjarasamningur var samþykktur.

Samþykkt að aðhafast ekki frekar og bíða eftir niðurstöður starfsmats fyrir Fíh.

Fulltrúar Fíh telja að starfsheiti forstöðumanna þurfi að vera til í starfsheitum starfsmats og kjarasamnings félagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:35.